

Reglugjörð

um breytingu á fjallskilareglugjörð, 5. júlí 1902, fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu.

Amtsráðið í Suðuramtinu gjörir kunnugt:

Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum 22. marz 1890, er hjermeð staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Reglugjörð

um breytingu á fjallskilareglugjörð 5. júlí 1902 fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu, sem samin er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. septbr. 1904,

Við 43. gr.

Á eptir orðunum: »goldinn hálfur tollur« komi: »þó enginn af Flóa- og Skeiðamannaafkrjetti«.

Við 45. gr.

Á eptir orðunum í upphafi greinarinnar: »Eigi skal hirða« komi »óheimt«

Suðuramtið, Reykjavík 24. júní 1904.

J. Havsteen.

Heilbrigðissamþykkt

fyrir Sauðárkrókskaupþún í Skagafjarðarsýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir Sauðárkrók að þeim húsum og bæjum meðtöldum, sem byggð eru og byggð kunna að verða í Sauðárlandi áfast við kaupþúnið.

2. gr.

Sýslumaður er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára, og annar, er sýslunefnd tilnefnir af íbúum þess svæðis, er samþykktin nær yfir, til jafnlangs tíma, og geta þeir skorast undan endurkosningu um næstu 3 ár.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir nefndarmennirnir eða hjeraðslæknir óska þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar á ári, í apríl, júlí og október. Hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gjörðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriptir og annast um, að

fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma álykt-
anir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til amtmanns.

78
7. júní

Hjeraðslæknir á heimtingu á að sitja á fundum nefndarinnar og taka
þátt í umræðum, en ekki hefir hann atkvæðisrjett. Formaður skal boða honum
fundi í tæka tíð.

Ritfangakostnað og útlagðan kostnað, er hlýzt af brjefaskriptum, skal
greiða úr hreppssjóði eptir reikningi, sem hreppsnefnd samþykkir.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á, að heilbrigðissamþykkt þessari sje
hlýtt í öllum greinum, og skal henni heimilt að rannsaka allt það, er um ræðir
í samþykktinni og mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á
almannafæri eða einstakra manna eign.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða öll hús á því svæði, er samþykktin
nær yfir, og er henni heimilt að skipta þessu starfi milli nefndarmanna.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók allt það, er hún finnur aðfinnslu-
vert samkvæmt þessari samþykkt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut
eiga, hvað þeir eigi að gjöra til umbóta, ella tilkynna sýslumanni, ef um brot
er að ræða gegn samþykktinni.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrífnaðarumbót eða heil-
brigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún
leggja mál það fyrir hreppsnefnd og fara framá, að fje sje veitt.

Nú hafnar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu, og er þá heilbrigðisnefnd
heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar, er leggur endilegan úrskurð á málið.

II. Um vatnsból.

6. gr.

Öll vatnsból skal verja hvers konar óhreinindum. Það er bannað að
láta í þau fara eða að þeim koma rennsli úr skolpræsum, forum, haugstæðum,
salernum eða peningshúsum, og má ekki láta í þau eða nærri þeim neinskonar
saurindi, sorp, slor eða hræ. Við alla brunna kaupsinsins, sem og fast við þá,
er bannað að þvo fatnað, fisk, ull og annað, er óhreinkað getur neyzluvatnið
en að því er snertir lindarvatnsbólin er með öllu bannað að leggja nokkuð frá
sjer ofar vatnsbununum, þar sem þær koma fram úr pípunum. Skal heilbrigð-
isnefndin sjá um að pípunar sje vel hreinar, samfelldar og óhreyfilegar. Bann
að er að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða nærri þeim. Ennfremur er alger-
lega bannað að hafa vatn úr Saudánni að neyzluvatni.

7. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum en svo, að
millibilið sje 15 álnir. Nú vill einhver grafa brunn eða breyta gömlum brunni,
og skal hann tilkynna það heilbrigðisnefndinni, enda segi nefndin fyrir um,
hvernig brunninum skal háttað, og er hlutadeigandi þá skyldur að fara eptir
tilsögn nefndarinnar.

78

7. júní

8. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni eða öðru vatnsbóli um stundarsakir, ef hún álitur vatnið óheilnæmt. Ef læknisrannsókn leiðir í ljós, að vatnið sje skaðvænt, og ekki unnt að gera við brunninn eða vatnsbólið, svoað vatnið verði ósagnæmt, þá skal heilbrigðisnefndin skipa eiganda að moka ofan í brunninn og fylla hann svo, að engu vatni verði úr honum náð, eða ef um annað vatnsból en brunn er að ræða, þá með öllu fyrirbjóða að taka vatn úr því til neyzlu.

III. Um peningshús, hauga og forir.

9. gr.

Stórgripi eða sauðfje má ekki hafa í mannahúsum.

10. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús, eða gera for eða haughús, þá skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart, áður en hann byrjar verkið, og skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, er hjer fara áeptir.

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 15 álnum.

For má ekki gera og ekki hafa haug nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum, nema haughús sje haft yfir, og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Forarveggir skulu jafnan ná $\frac{1}{4}$ alin eða meir uppúr jörðu, og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera, svoað ómögulegt sje, að menn eða skepnur geti ekki fallið í forina.

11. gr.

Ef peningshús eða haugstæði, sem eldri eru en þessi samþykkt, valda miklum óþrifnaði eða óþrýði eða fullnægja ekki kröfum samþykktarinnar, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar, en heimilt er þá eiganda að skjóta skipun nefndarinnar á 8 daga fresti undir úrskurð sýslumanns, en sýslumaður skal leita álits hjeraðslæknis og því næst kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem verða má.

IV. Um salerni.

12. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið reisa salerni, og skal það ekki vera nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan, og skal hann ná fast upp að setunni. Í hverju salerni skal vera bakpíl, en þau eigi byggð fast upp að húshliðum eða göflum.

13. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein, og smáílátin skal tæma óðar en þau fyllast. Heilbrigðisnefndin skal segja til, hvar láta megi saurindi úr salernum.

14. gr.

Ef engin salerni fylgja þeim húsum, sem eldri eru en þessi samþykkt eða þau ein, sem illa eru gjörð og mikill óþrifnaður að, þá getur heilbrigðis-

nefnd heimtað af húseigendum, að þeir geri ný salerni á þann hátt er segir í **78**
12. gr.

7. júní

15. gr.

Með öllu skal bannað að leggja frá sjer saur nokkurstaðar á bersvæði á því svæði, sem samþykkt þessi nær yfir. Skal því heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast þess, að hreppsnefnd láti byggja vandað og tvídeilt salerni með áföstu þvaghúsi á hentugum stað til afnota fyrir ferðafólk. Úr hreppssjóði skal og greiðast kostnaður sá, er leiðir af því að halda húsi þessu hreinu.

V. Um sorp, ösku og önnur óhreinindi.

16. gr.

Enginn má á svæði því, er samþykkt þessi nær yfir, safna sorpi, ösku, beinum nje öðrum óhreinindum í opna hauga eða gryfjur. Þar sem því verður eigi viðkomið að bera slík óhreinindi daglega á þá staði, er heilbrigðisnefnd tilvísar, skal nefndinni heimilt að heimta, að slíkum óþverra sje safnað í ílát úr málm og flutt burtu áður en ílátin fyllast.

17. gr.

Það er skylda sjómanna að fleygja öllu slori dag hvern, er þeir hafa gert að fiski sínum, í sjóinn, ef því er ekki safnað í gryfjur á þeim stöðum, er heilbrigðisnefndin leyfir. Formenn eða skipstjórar bera ábyrgð á því, að þessu ákvæði sje hlýtt.

18. gr.

Ef einhverstaðar safnast óhreinindi kringum hús manna, svoað fýlulopt eða daunilt eða óþrifalegt rennsli eða vilpur myndist, þá getur heilbrigðisnefndin skipað húseiganda þeim, er óþrifnaðinum veldur, að flytja óhreinindin tafarlaust.

VI. Um slátrun sauðfjárl.

19. gr.

Slátrun sauðfjárl við verzlanir í haustkaupþið skal þannig framfara, að sauðfje sje geymt í rjett, sem það eigi sjer útum á blómvöllinn.

Hreppsnefnd skal sjá um, að á hæfilegum stöðum nálægt slátrunarstað kaupmanna sjeu til safngryfjur tilað taka á móti sullum úr sauðfje, og skulu gryfjurnar þannig útbúnar, að steinoliutunna botnlaus en með loki yfir sje grafin niður. Þegar tunnan er orðin hálf full, skal hún tekin upp og gryfjan fyllt, þannig að sullirnir verði að minnsta kosti 1 alin í jörðu niðri. Öllum sullum skal gálgameður safna í vatnshelt ker, er kaupmaður sá, sem slátrað er hjá, lætur fylgja slátrunargálga sínum, svo skal gálgameður hella sullunum í ofanefnda tunnu.

Daglega um leið og slátrunarstörfum er hætt, skal hlutaðeigandi kaupmaður láta bera gor og önnur óhreinindi í sjó, forir eða mykjuhauga.

78 Samskonar skylda hvílir á hverjum þeim, er lætur slátra sauðfje heima 7. júní hjá sjer, til að sjá um niðurgropt á sullum og hreinsun lóðar sinnar.

VII. Um bókunarstofur.

20. gr.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, sém lungnatæringu hafa eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum. Deig má ekki hnóða með fótunum. Öll tóbaksnautn er bönnuð í bókunarstofum, og alls hreinlætis ber að gæta í þeim.

VIII. Um matvöru.

21. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara skemmd eða skaðleg fyrir heilsu manna. Nefndinni skal vera frjálst með samþykki hreppsnefndar að taka í búðum á kostnað hreppsins sýnishorn af hverri matvöru, er hún telur líkur til að skemmd sje eða skaðleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjeraðslæknis eða annara manna, er vit hafa á, að einhver matvara er skemmd og ekki nýtileg til manneldis, og skal þá lóga vörunni eða á einhvern hátt gera hana óskaðlega heilsu manna á kostnað þess, sem hafði hana á boðstólum. Þó má með læknisleyfi selja hana til skepnufóðurs.

Kjöt af veikum skepnum eða sjálfdaudum má ekki selja til manneldis nema með læknisleyfi.

IX. Um íbúðarhús.

22. gr.

Öll þau hús, sem leigð eru til íbúðar, skulu vera svo gerð, að þeim megi halda hreinum. Gluggar skulu vera á hjörum, að minnsta kosti einn í hverju herbergi, og trjególf eða steinsteypt gólf í öllum íverustofum. Heilbrigðisnefnd má heimta af eiganda eða leigjanda, að ræstað sje herbergi í íbúðarhúsi, ef það er svo óhreint, að nefndin álitur húsbúum hættu búna af því.

23. gr.

Ef íbúðarhús er svo hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álitur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina. Nefndin skal þá tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi, ef húsið er eigi bætt á þeim tíma, svoað nefndinni líki. Þó er húseiganda heimilt að skjóta skipun nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns á 8 daga fresti, en hann skal

leita áhlits hjerablæknlis og þvlnæst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem verða má. 78
7. júní

24. gr.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar. Nefndin getur bannað íbúð í gömlum kjöllum, ef þeir eru mjög rakir eða dimmir eða þröngir.

X. Um skóla.

25. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minnsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á miðju ári.

Hver sá, sem tekur til kennslu 10 nemendur eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd, hvar hann ætli að kenna.

26. gr.

Hver kennslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 80 rúmfet komi á hvert barn í minnsta lagi, en handa fullorðnum nemendum 100 rúmfet á hvern að minnsta kosti. Allir gluggar skulu vera á hjörum og í hverri skólastofu vindaugu vel umbúin. Gólf skal þvo á hverjum degi en ekki sópa.

27. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður í skóla vör við nemendur eða kennara, sem hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skal hún þegar tilkynna hjerablækni nöfn og heimili þeirra, sem sjúkir eru.

Ef nemandi eða kennari hefir berklasótt og læknir álitur að um mikla sóttæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað, að nemandinn eða kennarinn komi í skólann, þartil er sóttæmishættan að dómi læknis er um garð gengin. Holdsvaik börn mega ekki ganga í skóla og holdsveikir menn ekki fást við barnakennslu.

XI. Um næma sjúkdóma.

28. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómum, skal heilbrigðisnefnd aðstoða hjerablækni við sóttvörnina.

Ef upp kemur alvarlegur næmur sjúkdómur á því svæði, sem samþykktin nær yfir, eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði við hjerablækni að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli, en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o.s.frv.

XII. Um lík.

29. gr.

Í kaupúnum skal vera til líkhús, byggt á hentugum stað, er rúmi allt

78 að 5 líkkistur fullorðinna í einu, og skal það hús alls ekki til annars notað.
7. júní Bannað skal að láta lík standa uppi í matgeymsluhúsum.

XIII. Um sektir o. fl.

30. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt, eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það allt að 200 kr. sekt.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

31. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. maí 1905.

Samþykkt þessi, sem orðin er til á þann hátt, sem mælt fyrir um í 1. gr. í lögum 13. september 1901 um heilbrigðissamþykktir, er staðfest af amtsráði Norðuramtsins.

Amtsráð Norðuramtsins, Akureyri, 7. júní 1904.

Páll Briem.

79

7. júní

Heilbrigðissamþykkt

fyrir Húsavíkurborð í Suðurlandshreppsýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykkt þessi hefir gildi fyrir þann hluta Húsavíkurborðshrepps, sem liggur milli Mundlaugarlágur og Laugardals (Húsavíkurborð).

2. gr.

Sýslumaður er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður er hreppsnefnd kýs til þriggja ára, og annar er sýslu- nefnd tilnefnd af íbúum borðsins til jafnlangs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir tveir nefndarmenn, eða hjerðslæknir óskar þess, þó eigi sjaldnar á ári en þrisvar: í marzmánuði, í júnímánuði og októbermánuði; hann ákveður fundar- tíma og fundarstað, ritar í fundarbók gerðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefa- skriptir og annast um, að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur